Afkomutilkynning
Reykjavík, 30. október 2008

Afkoma Bakkavör Group á fyrstu níu mánuðum ársins 2008:

EBITDA 16,1 milljarður króna á fyrstu níu mánuðum ársins

- Velta 219,4 ma.kr. (1,2 ma.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, 10% aukning, og 73,7 ma.kr. (402,8 m.punda) á þriðja ársfjórðungi, 7% aukning
- EBITDA 16,1 ma.kr. (87,9 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, 24% lækkun, og 5,4 ma.kr. (29,4 m.punda) á þriðja ársfjórðungi, 26% lækkun, að meðtöldum kostnaði við endurskipulagningu að upphæð 0,9 mö.kr. (4,8 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, þar af 311 m.kr. (1,7 m.punda) á þriðja ársfjórðungi
- EBITDA hlutfall 7,3% fyrstu níu mánuði ársins og 7,3% á þriðja ársfjórðungi (EBITDA hlutfall að undanskildum kostnaði við endurskipulagningu 7,7% fyrstu níu mánuði ársins og 7,7% á þriðja ársfjórðungi)
- Rekstrarhagnaður (EBIT) 10,0 ma.kr. (54,7 m. punda) fyrstu níu mánuði ársins, 37% lækkun, og 3,3 ma.kr. (18,2 m. punda) á þriðja ársfjórðungi, 39% lækkun
- Handbært fé frá rekstri 8,1 ma.kr. (44,3 m. punda) fyrstu níu mánuði ársins, 46% lækkun, og 5,3 ma.kr. (28,8 m. punda) á ársfjórðungnum, 41% aukning
- Hagnaður hluthafa, án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum, nam 1,1 ma.kr. (5,8 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins
- Arðsemi eigin fjár án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum 3,3% á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 19,2% á sama tímabili 2007
- Hagnaður á hlut 0,3 pens á fyrstu níu mánuðum ársins, án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum, samanborið við 1,7 pens á fyrstu mánuðum ársins 2007
- Tap af skiptasamningi vegna 10,9% hlutar í Greencore Group PLC 10,7 ma.kr. (58,5 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, þar af 2,2 ma.kr. (12,3 m. punda) á þriðja ársfjórðungi
- Í október var tilkynnt um lokun skiptasamnings (e. Contract for Difference) félagsins um 10,9% hlut í Greencore Group, þar sem fjármögnun samningsins var dregin til baka
- Frekari hagræðingar að vænta í framleiðslu félagsins á tilbúnum réttum á fjórða ársfjórðungi og í október

Ágúst Guðmundsson, forstjóri:

„Bakkavör Group hefur orðið ágengt í mjög krefjandi rekstrarumhverfi en helstu áherslur okkar eru að lágmarka áhrif verðhækkana á hráefni, ná fram meiri hagkvæmni í rekstri, auka markaðshlutdeild og sjóðstreymi félagsins enn frekar. Við gerum ráð fyrir því að þessi vinna skili aukinni afkomu á árinu 2009.

Eins og gert var ráð fyrir hafði kostnaður vegna hagræðingaraðgerða sem ráðist var í á árinu 2007, verðhækkanir á hráefni og aukinn orkukostnaður neikvæð áhrif á afkomu félagsins á tímabilinu. Ennfremur höfðu minni væntingar neytenda og óhagstætt veðurfar í Bretlandi yfir sumarmánuðina áhrif á sölu félagsins á þriðja ársfjórðungi. Félagið náði engu að síður að auka markaðshlutdeild sína í tilbúnum réttum og öðrum lykilvöruflokkum í lok fjórðungsins sem gert er ráð fyrir að skili auknum tekjum á fjórða ársfjórðungi.

Í byrjun október greindum við frá því að Bakkavör Group hefði lokað skiptasamningi vegna 10,9% hlutar í Greencore Group. Vegna umróts og mikilla sveiflna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum var fjármögnun vegna skiptasamningsins dregin til baka, sem gerði það að verkum að við þurftum að loka samningnum. Fjármögnun skiptasamningsins var hins vegar ekki á nokkurn hátt tengd fjárhagsstöðu félagsins.

Við gerum ráð fyrir að viðskiptaumhverfið verði áfram krefjandi það sem eftir lifir árs og fram á það næsta. Áherslur okkar í rekstri verða áfram þær sömu en við sjáum fram á að aðgerðirnar komi til með að skila félaginu ávinningi á næsta ári. Við höfum fulla trú á markaðnum með fersk tilbúin matvæli og leggjum áherslu á að styrkja stöðu okkar á þeim markaði. Félagið þjónar stórum og breiðum hópi viðskiptavina og er vel í stakk búið til að mæta breyttum neysluvenjum og markaðsaðstæðum hverju sinni.“

Rekstrarreikningur samstæðunnar - lykiltölur						Fjárhæðir í millj. GBP
	3F 2008	3F 2007	Breyting %	9M 2008	9M 2007	Breyting %
Sala	402,8	375,7	7%	1.205,8	1.098,7	10%
Kostnaðarverð seldra vara	(312,6)	(289,7)	8%	(947,1)	(842,7)	12%
Framlegð	**90,2**	**86,0**	**5%**	**258,7**	**256,0**	**1%**
Annar rekstrarkostnaður	(70,4)	(56,0)	26%	(199,0)	(168,8)	18%
Kostnaður vegna endurskipulagningar	(1,7)	0,0		(4,8)		
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	0,1	0,1	31%	(0,3)	(0,3)	5%
Rekstrarhagnaður/EBIT	**18,2**	**30,1**	**(39%)**	**54,6**	**86,9**	**(37%)**
Fjármagnsgjöld	(21,9)	(15,4)	43%	(46,8)	(38,2)	22%
Tap af öðrum fjármálagerningum	(16,3)			(62,5)		
(Tap) hagnaður fyrir skatta	**(20,0)**	**14,7**	**(236%)**	**(54,7)**	**48,7**	**(212%)**
Tekjuskattur	0,5	(3,4)	(116%)	(1,1)	(11,7)	(90%)
(Tap) hagnaður tímabilsins	**(19,5)**	**11,3**	**(273%)**	**(55,8)**	**37,0**	**(251%)**
(Tap) hagnaður hluthafa	(20,0)	11,3	(277%)	(56,7)	36,4	(256%)
Hlutdeild minnihluta	0,5	0,1	845%	1,0	0,5	81%
(Tap) hagnaður á hlut (GBP pens)	**(0,9)**	**0,5**	**(278%)**	**(2,6)**	**1,7**	**(256%)**
Leiðrétt (tap) hagnaður á hlut (GBP pens)	**(0,2)**	**0,5**	**(132%)**	**0,3**	**1,7**	**(84%)**
EBITDA	29,4	39,7	(26%)	87,9	115,6	(24%)
EBITDA hlutfall	7,3%	10,6%	-	7,3%	10,5%	-
Handbært fé frá rekstri	28,8	20,3	41%	44,3	81,3	(46%)
Frjálst fjárflæði frá rekstri	17,7	10,6	67%	4,6	47,8	(90%)
Arðsemi eigin fjár	(32,3%)	17,7%	-	(30,7%)	19,2%	-
Leiðrétt arðsemi eigin fjár	(4,7%)	17,7%	-	3,3%	19,2%	-

Efnahagsreikningur samstæðunnar - lykiltölur			Fjárhæðir í millj. GBP
	30.9 2008	31.12 2007	Breyting %
Fastafjármunir	1.202,6	1.120,7	7%
Veltufjármunir	514,1	362,1	42%
Eignir	**1.716,7**	**1.482,8**	**16%**
Eigið fé	205,5	278,7	(26%)
Langtímaskuldir og skuldbindingar	827,8	806,1	3%
Skammtímaskuldir	683,4	398,0	72%
Eigið fé og skuldir	**1.716,7**	**1.482,8**	**16%**

Sjóðstreymi samstæðunnar - lykiltölur			Fjárhæðir í millj. GBP
	9M 2008	9M 2007	Breyting %
Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti	68,4	110,2	(38%)
Handbært fé frá rekstri	**44,3**	**81,3**	**(46%)**
Fjárfestingahreyfingar	(159,6)	(78,8)	102%
Fjármögnunarhreyfingar	253,4	(1,4)	(18.438%)
Breyting handbærs fjár	138,1	1,0	13.252%
Frjálst fjárflæði frá rekstri	**4,6**	**47,8**	**(90%)**

Námundun talna getur leitt til þess að einhvers ósamræmis gæti milli talna í töflum og texta.

Rekstrarniðurstöður Bakkavör Group fyrstu níu mánuði ársins og á þriðja ársfjórðungi 2008

Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings 31. desember 2007. Rekstur Longshun Foods var tekinn inn í samstæðu félagsins frá janúar 2008, rekstur Two Chefs on a Roll frá febrúar 2008, rekstur Italpizza frá maí 2008 og rekstur Fram Foods SA. frá júlí 2008. Frá mars 2008 hefur Gastro Primo verið fært sem hlutdeildarfélag í reikningum félagsins og frá maí 2008 hefur La Rose Noire einnig verið fært sem hlutdeildarfélag.

Yfirlit yfir afkomu Bakkavör Group á fyrstu níu mánuðum ársins og þriðja ársfjórðungi 2008

Sala á fyrstu níu mánuðum ársins nam 219,4 mö.kr. (1,2 mö.punda) og jókst um 10%. Sala á þriðja ársfjórðungi nam 73,7 mö.kr. (402,8 m.punda), sem er 7% aukning. Sala í undirliggjandi rekstri dróst saman um 0,5% á fyrstu níu mánuðum ársins og um 2,5% á ársfjórðungnum. Sjá nánar í markaðs- og söluyfirliti á bls. 7.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) nam 16,1 ma.kr. (87,9 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 21,1 ma.kr (115,6 m.punda) á sama tímabili 2007, sem er lækkun um 24%. Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) á þriðja ársfjórðungi nam 5,4 ma.kr. (29,4 m.punda) samanborið við 7,3 ma.kr (39,7 m.punda) á sama tímabili 2007, sem er lækkun um 26%. Nánari útskýringar á lækkun á EBITDA er að finna í kaflanum „Helstu atburðir á fyrstu níu mánuðum og þriðja ársfjórðungi ársins 2008“ á bls. 5. Kostnaður vegna hagræðingar í rekstri á fyrstu níu mánuðum ársins nam 0,9 mö.kr. (4,8 m. punda) sem dreifðist á nokkrar af verksmiðjum félagsins. Áfram er unnið að því að auka skilvirkni og má vænta aukins kostnaðar af hagræðingaraðgerðum á fjórða ársfjórðungi 2008 og fram á næsta ár 2009.

EBITDA hlutfall var 7,3% á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 10,5% á sama tímabili 2007, sem er lækkun um 3,2 prósentustig. EBITDA hlutfall í þriðja ársfjórðungi var 7,3% samanborið við 10,6% í þriðja ársfjórðungi 2007. Að frátöldum kostnaði vegna hagræðingar í rekstri var EBITDA hlutfall á fyrstu níu mánuðum ársins 7,7% og 7,7% á þriðja ársfjórðungi.

Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 10,0 mö kr (54,7 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, sem er lækkun um 37%. Rekstrarhagnaður á þriðja ársfjórðungi nam 3,3 mö.kr (18,2 m.punda), sem er lækkun um 39%.

Fjármagnsgjöld námu 8,6 mö.kr. (46,8 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 7,0 ma.kr. (38,2 m.punda) á sama tímabili 2007, sem rekja má til aukinnar skuldsetningar í tengslum við fyrirtækjakaup. Á þriðja ársfjórðungi námu fjármagnsgjöld 4,0 mö.kr (21,9 m.punda), samanborið við 2,8 ma.kr (15,4 m.punda) á sama tímabili 2007, sem er aukning um 1,2 m.kr. (6,5 m.punda).

Tap af öðrum fjármálagerningum nam 11,4 mö.kr. (62,5 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins. Þar af nam tap af virðisbreytingu skiptasamnings (e. Contract for Difference) um hluti í Greencore Group PLC 2,2 mö.kr. (12,3 m.punda) á þriðja ársfjórðungnum. Einnig nam tap af framvirkum samningi um 6,1% hlut í grænmetisframleiðandanum Camposol í Perú, 0,7 mö.kr.(3,7 m.punda) á tímabilinu. Litið er á þennan samning sem skammtímafjárfestingu.

Skattar námu 201 m.kr. (1,1 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við skatta að fjárhæð 2,1 ma.kr. (11,7 m.punda) á sama tímabili 2007. Skattar á þriðja ársfjórðungi voru jákvæðir um sem nemur 91,0 m.kr. (0,5 m.punda) samanborið við 622,0 m.kr. (3,4 m.punda) gjaldfærslu á þriðja ársfjórðungi 2007. Virkt skatthlutfall á fyrstu níu mánuðum ársins, án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum, var 14,2% samanborið við 24,1% á sama tímabili í fyrra. Virkt skatthlutfall á þriðja ársfjórðungi án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum var 14,2% samanborið við 22,9% á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður fyrir skatta án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum nam 1,4 mö.kr. (7,9 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins (tap að fjárhæð 10,0 mö.kr. (54,6 m.punda) að áhrifum af tapi af öðrum fjármálagerningum meðtöldum), samanborið við hagnað að upphæð 8,9 ma.kr. (48,7 m.punda) á sama tímabili 2007. Tap fyrir skatta á þriðja ársfjórðungi án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum nam 0,7 mö.kr. (3,7 m.punda) (tap að fjárhæð 3,7 mö.kr. (20,1 m.punda) að áhrifum af tapi af öðrum fjármálagerningum meðtöldum).

Hagnaður hluthafa án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum á fyrstu níu mánuðum ársins nam 1,1 ma.kr. (5,8 m.punda) (tap að fjárhæð 10,4 mö.kr. (56,7 m.punda) að áhrifum af tapi af öðrum fjármálagerningum meðtöldum) samanborið við 6,7 ma.kr. (36,4 m.punda) á sama tímabili 2007. Tap hluthafa án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum á þriðja ársfjórðungi nam 658,0 m.kr. (3,6 m.punda) samanborið hagnað sem nam 2,1 ma.kr. (11,3 m.punda) á sama tímabili í fyrra.

Arðsemi eigin fjár án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum á fyrstu níu mánuðum ársins var 3,3% (neikvæð um 30,7% að áhrifum af tapi af öðrum fjármálagerningum meðtöldum) samanborið við 19,2% á sama tímabili 2007. Arðsemi eigin fjár án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum á þriðja ársfjórðungi var neikvæð um 4,7% (neikvæð um 32,2% að áhrifum af tapi af öðrum fjármálagerningum meðtöldum) samanborið við 17,7% á þriðja ársfjórðungi 2007.

Hagnaður á hlut án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum var 0,3 pens á fyrstu níu mánuðum ársins (tap um 2,6 pens að áhrifum af tapi af öðrum fjármálagerningum meðtöldum) samanborið við 1,7 pens á sama tímabili 2007. Tap á hlut án áhrifa taps af öðrum fjármálagerningum á þriðja ársfjórðungi var 0,2 pens (tap um 0,9 pens að áhrifum af tapi af öðrum fjármálagerningum meðtöldum) samanborið við hagnað á hlut sem var 0,5 pens á þriðja ársfjórðungi 2007.

Efnahagsreikningur 30. september 2008

Eignir
Heildareignir félagsins þann 30. september 2008 námu 313,9 mö.kr. (1.716,7 m.punda) í samanburði við 271,2 ma.kr. (1.482,8 m.punda) þann 31. desember 2007.

Fastafjámunir námu 219,9 mö.kr. (1.202,6 m.punda) á tímabilinu í samanburði við 204,9 ma.kr. (1.120,7 m.punda) í árslok 2007. Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir jukust úr 141,9 mö.kr. (775,9 m.punda) í 150,8 ma.kr. (824,8 m.punda) í kjölfar kaupa á fyrirtækjum á tímabilinu. Mat á gangvirði hreinna eigna Welcome Food Ingredients (keypt í október 2007), Longshun Foods (keypt í janúar 2008), Two Chefs on a Roll (keypt í janúar 2008), Italpizza (keypt í apríl 2008), Heli Food Fresh (keypt að fullu í júní 2008) og Fram Foods SA. (keypt í júlí 2008) er bráðabirgðamat sem áætlað er að verði lokið innan 12 mánaða frá kaupum.

Veltufjármunir námu 94,0 mö.kr. (514,1 m.punda) þann 30. september 2008, samanborið við 66,2 ma.kr. (362,1 m.punda) í árslok 2007. Á meðal handbærs fjár er bankainnstæða á Íslandi að upphæð 27,4 ma.kr. (150 m.punda) sem eru tilkomnir vegna fjármögnunar félagsins á tímabilinu. Innstæðan er tryggð að fullu af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi. Skammtímaskuldir jukust úr 72,8 mö.kr. (398,0 m.punda) í árslok 2007 í 125,0 ma.kr. (683,4 m.punda) í lok þriðja ársfjórðungs 2008, sem skýrist að mestu af gjalddaga í maí á næsta ári af skuldabréfaútgáfu félagsins frá árinu 2003. Veltufjárhlutfall var 0,8 á fyrstu níu mánuðum ársins og lækkaði því frá árslokum 2007.

Langtímaskuldir og eigið fé
Þrátt fyrir að ofangreind skuldabréf séu á gjalddaga á næsta ári hækkuðu langtímaskuldir og skuldbindingar félagsins um sem nemur 4,0 mö.kr. (21,7 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, en langtímaskuldir og skuldbindingar námu 151,4 mö.kr. (827,8 m.punda) í lok september 2008 í samanburði við 147,4 ma.kr. (806,1 m.punda) í árslok 2007, sem að hluta til má skýra með fjármögnun vegna fjárfestinga í fyrirtækjum á tímabilinu.

Eigið fé lækkaði úr 51,0 mö.kr. (278,7 m.punda) í árslok 2007 í 37,6 ma.kr. (205,5 m.punda) í lok september 2008. Eiginfjárhlutfall félagsins í lok september var 12,0% í samanburði við 18,8% í árslok 2007.

Sjóðstreymi

Sterkt sjóðstreymi hefur verið einkennandi fyrir rekstur Bakkavör Group og leggja stjórnendur félagsins áfram ríka áherslu á það.

Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti á fyrstu níu mánuðum ársins nam 12,5 mö.kr. (68,4 m.punda) samanborið við 20,2 ma.kr. (110,2 m.punda) á sama tímabili í fyrra. Þessi lækkun skýrist öðru fremur af minni hagnaði fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) ásamt móttöku greiðslu tryggingabóta 2007. Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti á ársfjórðungnum nam 6,5 mö.kr. (35,7 m.punda) samanborið við 5,5 ma.kr. (29,9 m.punda) á sama tímabili 2007.

Handbært fé eftir greiðslu vaxta og tekjuskatts nam 8,1 ma.kr. (44,3 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 14,9 ma.kr. (81,3 m.punda) á sama tímabili 2007, og 5,3 ma.kr. (28,8 m.punda) á þriðja ársfjórðungi samanborið við 3,7 ma.kr. (20,3 m.punda) á þriðja ársfjórðungi 2007.

Fjárfestingahreyfingar námu 29,2 mö.kr. (159,6 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 14,4 ma.kr. (78,8 m.punda) á sama tímabili 2007. Greiðsla sem nam 9,9 mö.kr. (53,9 m.punda) féll til á fyrstu níu mánuðum ársins vegna skiptasamnings um hluti í Greencore Group. Kostnaður vegna kaupa á fyrirtækjum á tímabilinu nam 10,5 mö.kr. (57,5 m. punda). Kostnaður við endurfjárfestingu og stækkanir á núverandi verksmiðjum félagsins nam 7,3 mö.kr. (39,7 m.punda), um 1,2x afskriftir. Þar eru meðtaldar fjárfestingar í aukinni framleiðslugetu sem nam 4,6 mö.kr. (25,2 m.punda) á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að þessar fjárfestingar í fastafjármunum muni auka framleiðslugetu með núverandi tækjakosti næstu tvö árin. Því má reikna með að verulega dragi úr fjárfestingu í fastafjármunum árið 2009 og 2010.

Frjálst fjárflæði frá rekstri þ.e. handbært fé eftir að fjárfestingar í fastafjármunum hafa verið dregnar frá nam 841 m.kr. (4,6 m.punda) á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við frjálst fjárflæði frá rekstri sem nam 8,7 mö.kr. (47,8 m.punda) á sama tímabili í fyrra. Frjálst fjárflæði frá rekstri á ársfjórðungnum nam 3,2 mö.kr. (17,7 m.punda) samanborið við 1,9 ma.kr. (10,6 m.punda) árið 2007.

Á aðalfundi Bakkavör Group þann 14. mars 2008 var samþykkt að greiða út arð til hluthafa sem nam 0,55 krónum á hlut eða 55% af útgefnu hlutafé. Greiðsla arðs fór fram þann 15. apríl sl.

Helstu atburðir á fyrstu níu mánuðum ársins og þriðja ársfjórðungi 2008

Yfirlit

Verðhækkanir á hráefni og kostnaður af hagræðingaraðgerðum vegna framleiðslu tilbúinna rétta sem ráðist var í á síðari helmingi 2007 héldu áfram að hafa áhrif á afkomu Bakkavör Group á þriðja fjórðungi ársins. Ennfremur hélt áfram að draga úr væntingum neytenda á tímabilinu auk þess sem óhagstætt veðurfar yfir sumarmánuðina í Bretlandi hafði áhrif á sölu í flokki kældra vara félagsins.

Helstu áherslur hjá Bakkavör Group eru að lágmarka áhrif hækkana á hráefnisverði ásamt því að auka skilvirkni, markaðshlutdeild og sjóðstreymi félagsins.

Yfirlit yfir helstu þætti sem höfðu áhrif á rekstur félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins er að finna hér fyrir neðan:

Hækkun hráefnisverðs og orkukostnaðar
Óvissa var áfram ríkjandi á alþjóðlegum hráefnismörkuðum á nýafstöðnu tímabili þrátt fyrir vísbendingar um verðhjöðnun í vissum vöruflokkum í lok fjórðungsins. Verð á hveiti og repjuolíu lækkaði til dæmis auk þess sem dró úr verðsveiflum á kjúklingakjöti vegna væntinga um minni eftirspurn í kjölfar samdráttar á alþjóðlegum mörkuðum. Á meðan slík óvissa ríkir eru stjórnendur félagsins varkárir í að spá fyrir um verðlækkanir á hráefni í nánustu framtíð. Við gerum þó ráð fyrir verðlækkunum á ýmsum kostnaðarliðum sem gætu mildað áhrif almennra hækkana á framlegð félagsins.

Eins og greint var frá í uppgjöri annars ársfjórðungs hefur styrking evru gagnvart pundi sett mark sitt á innkaupakostnað félagsins á undanförnum mánuðum. Þrátt fyrir að gengið hafi haldist fremur stöðugt á nýafstöðnum ársfjórðungi er pundið ennþá fremur veikt gagnvart evru ef miðað er við síðasta ár, sem hefur haft áhrif á afkomu.

Verð á hráolíu hefur farið ört lækkandi frá því í júlí síðastliðnum, með áhrif til lækkunar á flutningskostnaði. Heildsöluverð á gasi og rafmagni hefur hins vegar áfram haldist hátt auk þess sem umtalsverður kostnaður vegna hækkana á orkuverði hefur þegar fallið til hjá félaginu á árinu, eins og greint var frá í sex mánaða uppgjöri félagsins, en áhrifa þessa kostnaðar mun áfram gæta í afkomu fjórða ársfjórðungs og fram eftir ári 2009.

Núverandi efnahagsástand á markaðssvæðum félagsins auðveldar ekki lágmörkun áhrifa fyrrnefndra verðhækkana á rekstur; áfram er hins vegar unnið að því þar sem hægt er, meðal annars með endurskoðuðum samningum við viðskiptavini og birgja, stærðarhagkvæmni í innkaupum og einföldun virðiskeðjunnar með aukinni notkun eigin framleiðslulína í stað úthýsingar áður.

Hagkvæmni í framleiðslu og aukin markaðshlutdeild

Hagræðing í framleiðslu á tilbúnum réttum í Bretlandi

Einn af lykilvöruflokkum Bakkavör Group er flokkur tilbúinna rétta og eru stjórnendur staðráðnir í að styrkja stöðu félagsins á markaðnum í þeim flokki. Til að ná þessu markmiði hefur félagið frá öðrum ársfjórðungi 2007 lagt mikla áherslu á að ná fram sem bestri hagkvæmni í framleiðslu tilbúinna rétta, og hámarka þannig afköst og arðsemi í þessum flokki. Eins og áður hefur verið greint frá var ákveðið að hætta hluta af framleiðslu tilbúinna rétta á síðari hluta árs 2007 og ráðast í hagræðingaraðgerðir í kjölfarið, sem fólu í sér kostnað sem hefur haft áhrif á á afkomu félagsins það sem af er ári 2008, þar með talið á þriðja ársfjórðungi.

Frekari hagræðingaraðgerðir í framleiðslu félagsins á tilbúnum réttum urðu á þriðja fjórðungi ársins þegar ákveðið var að skoða mögulega lokun verksmiðju félagsins í Biggleswaite, Saxon Valley Foods. Tap hefur verið á rekstri verksmiðjunnar í nokkurn tíma og á undanförið hefur þótt sýnt að það verði vart hægt að bæta afkomu verksmiðjunnar, sér í lagi vegna kostnaðarhækkana og minnkandi sölu á vörum hennar. Komi til lokunar mun verða af henni á fyrsta ársfjórðungi 2009, í kjölfar flutninga tækjabúnaðar verksmiðjunnar til annarra verksmiðja í eigu félagsins.

Í októbermánuði ákvað félagið að skoða lokun á annarri verksmiðju félagsins, Mariner foods, sem er staðsett í Grimsby. Afkoma verksmiðjunnar hefur versnað til muna vegna mikilla kostnaðarhækkana og minnkandi eftirspurnar eftir vörum verksmiðjunnar. Félagið lítur á þetta enn sem komið er sem eina raunhæfa kostinn en lokunin myndi leiða til aukinnar hagkvæmni í framleiðslu félagsins með fersk tilbúin matvæli.

Áhersla félagsins á markaðinn með tilbúna rétti hefur gefið því ákveðin sóknarfæri og hefur það náð að auka markaðshlutdeild sína í þessum flokki. Þessi staða festir félagið í sessi sem leiðandi framleiðandi á tilbúnum réttum í Bretlandi og gerum við ráð fyrir að sala félagsins í þessum lykilvöruflokki taki aftur að aukast á fjórða ársfjórðungi 2008.

Aðrar hagræðingaraðgerðir

Í síðasta ársfjórðungi lokaði Bakkavör Group ídýfu- og salatsósuverksmiðju sinni í Birmingham í Bretlandi, en vel tókst til með flutning framleiðslunnar til annarrar verksmiðju í eigu félagsins, Welcome Foods í Nottinghamshire. Ákvörðunin um flutninginn var tekin á þriðja árfsfjórðungi 2007 þar sem verksmiðjan var illa í stakk búin til að auka afköst vegna takmarkaðrar framleiðslugetu. Í byrjun október var einnig greint frá þeirri áætlun að skoða að sameina meirihluta starfsemi annarrar verksmiðju félagsins í Bretlandi, Bourne Stir Fry, starfsemi Bourne Salads og Bourne Fruit sem einnig er í eigu félagsins, með það fyrir sjónum að bæta nýtingu og hámarka afköst þegar til lengri tíma er litið.

Stjórnendur félagsins leitast stöðugt við að ná fram sem mestri hagkvæmni og þannig arðsemi þegar til lengri tíma er litið.

Áhrif minni væntinga neytenda á neyslu

Það hélt áfram að draga úr væntingum breskra neytenda á þriðja ársfjórðungi, í ljósi óróa á fjármálamörkuðum, aukinna útgjalda heimilanna (vegna verðhækkana á matvælum, orku- og eldsneytiskostnaði), lækkunar húsnæðisverðs og vaxandi atvinnuleysis. Neytendur virðast því í auknum mæli vera farnir að breyta neyslumynstri sínu, m.a. með því að snúa sér að ódýrari (e. budget) vörutegundum og vörum á tilboðsverði. Í samræmi við þessa þróun hefur sala aukist verulega hjá afsláttarverslunum (e. discounters) á meðan hefðbundir stórmarkaðir hafa aukið markaðsstarf og meðal annars kynnt ódýrari vörulínur (e. budget brands) í verslunum sínum til að laða að viðskiptavini.

Samkvæmt upplýsingum frá bresku Hagstofunni frá því í október hefur hægt á einkaneyslu í Bretlandi. Þrátt fyrir að smásöluverslun ykist um 2,3% á þriggja mánaða tímabili fram til loka september, í samanburði við sama tímabil í fyrra, dróst sala á matvælum í landinu saman um 0,1% á sama tímabili. Um er að ræða mestu lækkun í þessum flokki frá því að mælingar hófust árið 1986. Þjóðarframleiðsla í Bretlandi dróst einnig saman um sem nemur 0,5% á þriðja ársfjórðungi ársins. Þessari þróun til staðfestingar hefur þegar orðið vart minni sölu í ákveðnum vöruflokkum hjá félaginu.

Stjórnendur félagsins eru varkárir í að spá fyrir um væntingar neytenda og þróun einkaneyslu í nánustu framtíð. Engu að síður starfar Bakkavör Group á tiltölulega stöðugum markaði þar sem eftirspurn eftir hentugum tilbúnum matvælum verður ávallt til staðar. Félagið framleiðir ennfremur vörur í öllum verðflokkum fyrir fjölbreyttan og sterkan hóp viðskiptavina auk þess sem félagið býr yfir eiginleikanum til að þróa nýjar vörur og vörulínur á skömmum tíma, öðru fremur vegna mikils sveigjanleika í framleiðslu og rekstri. Bakkavör Group einbeitir sér áfram að því að styrkja stöðu félagsins á öllum mörkuðum sem það starfar, í krafti sveigjanleika fyrirtækisins til að mæta breyttum þörfum neytenda.

Veðurfar í Bretlandi

Lítið lát varð á umhleypingasömu veðri í Bretlandi á þriðja ársfjórðungi 2008 en sumarið einkenndist af óhagstæðu og breytilegu veðurfari, með úrkomu yfir meðaltali á þriðja ársfjórðungi og sólarstundum undir meðallagi. Breytilegt sumarveður hélt áfram að hafa neikvæð áhrif á sölu vara í kældum vöruflokkum félagsins, sérstaklega í flokki grænna salata og tilbúinna salata, auk þess sem hagræðing í framleiðslu félagsins á tilbúnum réttum og minni væntingar neytenda héldu áfram að setja mark sitt á sölu félagsins í Bretlandi í heild.


Markaðs- og söluyfirlit eftir landsvæðum á fyrstu níu mánuðum ársins 2008


Bretland

Sala Bakkavör Group í Bretlandi nam 87% af veltu félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins og nam 191,1 mö.kr. (1.046,0 m.punda), sem er 5% aukning. Á þriðja ársfjórðungi nam sala í Bretlandi 62,5 mö.kr. (342,0 m.punda), sem er 2,2% aukning. Sala í undirliggjandi rekstri félagsins í Bretlandi dróst saman um 0,8% á fyrstu níu mánuðum ársins og um 1,8% á þriðja ársfjórðungi. Stóran hluta þessara lækkana má rekja til samdráttar í sölu á tilbúnum réttum félagsins.

Í Bretlandi framleiðir Bakkavör Group fjölbreytt úrval ferskra tilbúinna matvæla (m.a. tilbúna rétti, fersk salöt, tilbúin salöt og pizzur) og einnig óskorið grænmeti (t.d. kál, tómata og gúrkur).

Fersk tilbúin matvæli





Heimild: TNS RST Summary w/e 7th Sept 2008
Bakkavor internal sales w/e 27th Sept 2008

Verðhækkanir á hráefni hafa haldið áfram að hafa mikil áhrif á veltu á breska matvælamarkaðnum í heild. Hins vegar er gert ráð fyrir að verulega dragi úr heildarverðhækkunum á hráefni á markaðnum í lok árs þar sem mestu hækkarnirnar jafnast út í samanburði á milli ára.

Vöxtur á markaðnum fyrir fersk tilbúin matvæli á fyrstu níu mánuðum ársins var minni en vöxtur á matvælamarkaðnum í heild, sem öðru fremur má rekja til áhrifa af samdrætti í sölu á tilbúnum réttum auk þess sem markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli naut ekki góðs af verðhækkunum á hráefni ólíkt markaðnum fyrir nauðsynjavörur.

Markmið stjórnenda Bakkavör Group er að félagið vaxi hraðar en markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli í heild. Þessu markmiði var ekki náð á fyrstu níu mánuðum ársins. Sala félagsins á ferskum tilbúnum matvælum í Bretlandi dróst saman um 0,8% á meðan markaðurinn óx um 3,5%, sem aðallega má rekja til hagræðingar í framleiðslu félagsins á tilbúnum réttum auk þess sem sumarveðrið í Bretlandi var óhagstætt, sem hafði áhrif á sölu í flokki vara í kældum vöruflokkum félagsins.

Ef sala á tilbúnum réttum (e. ready meals) er undanskilin jókst sala félagsins á ferskum tilbúnum matvælum á fyrstu níu mánuðum ársins um 3,4% samanborið við 5,4% vöxt á markaðnum í heild á sama tíma.


Sala félagsins fyrstu níu mánuðina var góð í nokkrum vöruflokkum, niðursneiddum ávöxtum (32% aukning), pizzum (7% aukning), og súpum (16% aukning).

Eins og áður hefur komið fram höfðu minni væntingar neytenda og óhagstætt veðurfar yfir sumarmánuðina í Bretlandi neikvæð áhrif á sölu félagsins á þriðja ársfjórðungi .

Þessa útkomu má öðru fremur rekja til samdráttar í sölu félagsins á tilbúnum réttum auk þess sem sumarveðrið í Bretlandi hafði sérlega neikvæð áhrif á sölu í flokki grænna salata. Á þriðja ársfjórðungi hætti félagið einnig framleiðslu á pasta í flokki tilbúinni rétta í kjölfar lokunar á pastaverksmiðju félagsins á öðrum ársfjórðungi 2008.

Sala félagsins á ársfjórðungnum hélst áfram góð í ídýfum (6% aukning), niðursneiddum ávöxtum (18% aukning), pizzum (6% aukning), og súpum (9% aukning). Þá höfðu nýir samningar um sölu á pizzum og ídýfum jákvæð áhrif á sölu í þessum flokkum. Gert er ráð fyrir frekari aukningu í kjölfar þessarar samninga auk þess sem gert er ráð fyrir að hagræðing í framleiðslu félagsins á tilbúnum réttum fari að skila ávinningi á fjórða ársfjórðungi ársins

Óskorið grænmeti



Sala Bakkavör Group á óskornu grænmeti nemur um 20% af heildarveltu félagsins í Bretlandi. Undirliggjandi sala félagsins í þessum flokki dróst saman um 4,8% samanborið við 6,2% vöxt markaðarins á fyrstu níu mánuðum ársins. Sala félagsins í ársfjórðungnum dróst saman um 7,2% samanborið við 6,7% vöxt markaðarins á sama tíma.

Verðhækkanir höfðu mikil áhrif á heildarmarkaðinn í flokki óskorins grænmetis á tímabilinu en magnaukningin í ársfjórðungnum nam aðeins 1,6%. Afkoma félagsins í þessum flokki hélt áfram að að eiga undir högg að sækja vegna ákvörðunar félagsins að hætta framleiðslu á ákveðnum vörulínum sem ekki voru taldar nægilega arðbærar sem dregið hefur úr seldu magni á óskornu grænmeti til lykilviðskiptavina. Þá hafði afleitt veður í Bretlandi síðastliðið sumar neikvæð áhrif á sölu á salatafurðum.

Meginland Evrópu

Sala Bakkavör Group á meginlandi Evrópu nam 11% af heildarveltu félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins eða 24,5 mö.kr. (134 m.punda). Sala á þriðja ársfjórðungi nam 9,2 mö.kr. (50,1 m.punda). Sala í undirliggjandi rekstri félagsins á meginlandi Evrópu var góð fyrstu níu mánuði ársins og nam 26,7 mö.kr. (146 m.punda) sem er 6,0% vöxtur á föstu gengi. Á þriðja ársfjórðungi nam sala í undirliggjandi rekstri á föstu gengi 9,3 mö.kr. (51 m.punda), sem er 4,0% aukning.

Þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi héldu starfsstöðvar félagsins á meginlandi Evrópu áfram að skila góðri afkomu á tímabilinu, þrátt fyrir kostnaðarhækkanir, t.d. aukinn dreifingarkostnað, og aukna samkeppni frá framleiðendum sem selja undir eigin vörumerkjum. Nýleg Kaup félagsins á Bakkavör Traiteur í Frakklandi, sem framleiðir ídýfur og brauðvörur fyrir franska stórmarkaði, gefa Bakkavör færi á að þróa enn frekar vöruúrval sitt af ferskum tilbúnum matvælum á svæðinu. Ennfremur er unnið að því hjá félaginu að hámarka nýtingu á tækjakosti í verksmiðjum Italpizza á Ítalíu. Nú nýverið markaðsetti Italpizza til dæmis eldbakaðar pizzur í Bretlandi.

Aðrir heimshlutar

Sala Bakkavör Group í öðrum heimshlutum nam 2% af veltu félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins og nam 4,8 mö.kr. (26,0 m.punda), með aukningu í undirliggjandi rekstri sem nam 34%. Á þriðja ársfjórðungi nam sala félagsins í undirliggjandi rekstri í 2,0 mö.kr.(11,0 m.punda)., sem er aukning í undirliggjandi rekstri um sem nemur 25%.

Asía

Creative Food, félag Bakkavör Group í Kína, hélt áfram að skila góðri afkomu á fyrstu níu mánuðum ársins en sala jókst um 40% á tímabilinu. Á ársfjórðungnum tók félagið í notkun nýja verksmiðju í Xianyang borg til að mæta aukinni eftirspurn veitingahúsakeðja eftir vörum félagsins en það sér einnig tækifæri í sölu til smásala á ört vaxandi smásölumarkaði í Asíu.

Bandaríkin

Áfram var haldið að styrkja starfsemi félag Bakkavarar í Bandaríkjunum, Two Chefs on a Roll. Eins og greint var frá í uppgjöri annars ársfjórðungs flutti Bakkavör verksmiðju og tæki frá verksmiðju sem var lokað í Bretlandi til Bandaríkjanna, í þeim tilgangi að hefja framleiðslu á fersku pasta þar í landi. Í október setti síðan Two Chefs on a Roll pasta á bandaríska markað.

Aðrir helstu atburðir á fyrstu níu mánuðum ársins og það sem af er fjórða ársfjórðungi 2008

Fordæmislausir atburðir og fjárhagsstaða Bakkavör Group

Atburðir í íslensku efnahagslífi í byrjun október höfðu mikil áhrif á íslenska hlutabréfamarkaðinn, þar með talin bréf Bakkavör Group. Þrír stærstu viðskiptabankar landsins voru þjóðnýttir, Kauphöll Íslands (Nasdaq OMX Iceland) lokaði fyrir öll viðskipti með hlutabréf í þrjá virka daga vegna óvenjulegra markaðsaðstæðna og spurningar vöknuðu um greiðsluhæfi og fjárhagsstöðu íslenskra fyrirtækja. Síðan 1. október hefur Úrvalsvísitalan í Kauphöll Íslands fallið um 80% og gengi bréfa í Bakkavör Group um 74%.

Bakkavör Group er skráð í Kauphöll Íslands (Nasdaq OMX Iceland) en öll starfsemi félagsins fer fram erlendis. Efnahagsaðstæður á Íslandi hafa því ekki áhrif á daglega starfsemi þess. Rekstur Bakkavör Group er arðbær og sjóðsmyndun er sterk, félagið er með starfsemi í 10 löndum og á ekki við vandamál vegna greiðsluhæfis að stríða. Félagið er að langmestu leyti fjármagnað af evrópskum og alþjóðlegum bönkum og er félagið í góðum tengslum við þá. Innan við 10% af fjármögnun félagsins er hjá íslenskum bönkum.

Bakkavör Group á umtalsverðar innstæður á bankareikningi hjá Nýja Kaupþingi. Innstæðan er tryggð að fullu af Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi auk þess að forsætisráðuneytið og Seðlabanki Íslands hafa staðfest að svo sé. Stjórnendur Bakkavör Group eru því fullvissir að þessir fjármunir fáist greiddir út.

Möguleg eigendaskipti að 39,6% hlut í Bakkavör Group

Félag í eigu Ágústar Guðmundssonar, forstjóra Bakkavör Group, og Lýðs Guðmundssonar, stjórnarformanns, ELL 182 ehf., gerði í byrjun október tilboð í 855.151.478 hluti Exista í Bakkavör Group, eða sem svarar 39,6% af heildarhlutafé félagsins. Verðið í tilboðinu er 9,79 krónur á hlut sem er síðasta dagslokagengi Bakkavör Group 8. október síðastliðinn. Viðskiptin eru gerð með fyrirvara um samþykki lánveitenda Bakkavör Group. Með sölunni leitast stofnendur við að stuðla að stöðugleika í eignarhaldi félagsins.

Lokun skiptasamnings (CFD) um hluti í Greencore Group PLC

Í byrjun október var greint frá því að Bakkavör Group hefði lokað skiptasamningi (e. Contract for Difference) vegna 22.028.795 hluta Greencore Group, á genginu EUR 1,30. Hluturinn samsvaraði 10,9% af hlutafé Greencore. Upphaflega var greint frá skiptasamningnum í apríl síðastliðnum.

Vegna umróts og mikilla sveiflna á alþjóðlegum fjármálamörkuðum var fjármögnun vegna skiptasamningsins dregin til baka, sem gerði að verkum að Bakkavör þurfti að loka samningnum. Fjármögnun samningsins var óháð annarri fjármögnun félagsins og lokun hans er því ekki á nokkurn hátt tengd fjárhagsstöðu félagsins.

Framtíðarhorfur

Framtíðarhorfur Bakkavör Group eru góðar og stefna félagsins til lengri tíma er óbreytt. Við gerum þó ráð fyrir að viðskiptaumhverfið verði krefjandi það sem eftir lifir árs og fram á það næsta. Reiknað er með að enn dragi úr væntingum neytenda samfara aukinni óvissu um þróun efnahagsmála á þeim mörkuðum sem félagið starfar og það muni hafa áhrif á tekjur þess á sama tíma. Félagið hefur því tileinkað sér íhaldsamari fjárfestingarstefnu, bæði hvað varðar fjárfestingu í fastafjármunum og öðrum fjárfestingum

Forgangsverkefni stjórnenda verða áfram að lágmarka áhrif verðhækkana á hráefni, hagræða í rekstri og auka sjóðstreymi og markaðshlutdeild enn frekar. Sú vinna gæti mögulega falið í sér frekari hagræðingaraðgerðir og endurskipulagningu í framleiðslu félagsins á síðasta ársfjórðungi og fram á næsta ár. Að auki mun félagið leggja áherslu á ná fram samlegðaráhrifum í kjölfar fyrirtækjakaupa. Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir ásamt aukinni markaðshlutdeild sem félagið hefur náð komi til með að hafa jákvæð áhrif á sölu og afkomu þess á næsta ári.

Þrátt fyrir krefjandi markaðsaðstæður til skemmri tíma mun eftirspurn eftir ferskum tilbúnum matvælum áfram að aukast á alþjóðavísu og félagið getur svarað henni með breiðu vöruúrvali fyrir stóran og fjölbreyttan hóp viðskiptavina. Sveigjanleiki í framleiðslu og hröð vöruþróun gera félaginu kleift að bregðast skjótt við breyttum aðstæðum og neysluvenjum á þeim mörkuðum sem félagið starfar.

Kynning á afkomu fyrstu níu mánaða ársins 2008

Kynningarfundur fimmtudaginn 30. október kl. 16:30

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 30. október kl. 16:30 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík. Á fundinum mun Ágúst Guðmundsson, forstjóri, skýra uppgjörið og svara fyrirspurnum.

Netvarp og símafundur
Fundinum verður varpað á netinu á www.bakkavor.com og hefst útsendingin kl. 16:30. Einnig er hægt að bera fram spurningar á fundinum í gegnum síma. Símanúmerin eru 800 8660 og +44 (0)20 3043 2436 (breskt númer).

Kynningarefni verður hægt að nálgast að fundi loknum á heimasíðu félagsins, www.bakkavor.com, og á heimasíðu Nasdaq OMX Nordic Exchange á Íslandi, www.omxgroup.com/nordicexchange. Árshlutareikningur félagsins mun einnig liggja frammi til skoðunar í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3 í Reykjavík.

Samþykkt reikninga

Stjórn Bakkavör Group hf. samþykkti árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2008 á stjórnarfundi þann 30. október 2008.

Birtingardagar fyrir reikningsárið 2008

Ársuppgjör og fjórði ársfjórðungur 2008	29. janúar 2009

Frekari upplýsingar veita:

Ágúst Guðmundsson, forstjóri
Sími: 550 9700

Richard Howes, framkvæmdastjóri fjármálasviðs
Sími: 550 9700

Snorri Guðmundsson, fjárfestatengsl
Sími: 550 9710 / 858 9710

Ársfjórðungsyfirlit - lykiltölur					Fjárhæðir í millj. GBP
	3F 2008	2F 2008	1F 2008	4F 2007	3F 2007
Sala	402,8	425,7	377,3	372,3	375,7
Kostnaðarverð seldra vara	(312,6)	(335,5)	(299,0)	(292,4)	(289,7)
Framlegð	**90,2**	**90,2**	**78,3**	**79,9**	**86,0**
Annar rekstrarkostnaður	(70,4)	(66,1)	(62,5)	(56,5)	(56,0)
Kostnaður vegna endurskipulagningar	(1,7)	(3,1)			
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	0,1	(0,6)	0,2	(0,3)	0,1
Rekstrarhagnaður/EBIT	**18,2**	**20,4**	**16,0**	**23,1**	**30,1**
Fjármagnsgjöld	(21,9)	(9,7)	(15,1)	(14,5)	(15,4)
Tap af öðrum fjármálagerningum	(16,3)	(30,4)	(15,8)		
(Tap) hagnaður fyrir skatta	**(20,0)**	**(19,7)**	**(14,9)**	**8,6**	**14,7**
Tekjuskattur	0,5	(3,8)	2,1	1,8	(3,4)
(Tap) hagnaður tímabilsins	**(19,5)**	**(23,5)**	**(12,8)**	**10,4**	**11,3**
(Tap) hagnaður hluthafa	(20,0)	(23,7)	(13,0)	10,3	11,3
Hlutdeild minnihluta	0,5	0,3	0,2	0,1	0,1
(Tap) hagnaður á hlut (GBP pens)	**(0,9)**	**(1,1)**	**(0,6)**	**0,5**	**0,5**
Leiðrétt (tap) hagnaður á hlut (GBP pens)	**(0,2)**	**0,3**	**0,2**	**0,5**	**0,5**
EBITDA	**29,4**	**32,2**	**26,3**	**33,4**	**39,7**
EBITDA hlutfall	**7,3%**	**7,6%**	**7,0%**	**9,0%**	**10,6%**
Handbært fé frá (til) rekstrar	28,8	19,8	(4,3)	23,4	20,3
Frjálst fjárflæði frá (til) rekstrar	17,7	3,0	(16,0)	12,2	10,6

Námundun talna getur leitt til þess að einhvers ósamræmis gæti milli talna í töflum og texta.
Viðmiðunargengi GBP 182,87 sem er miðgengi Seðlabanka Íslands skv. heimasíðu: www.sedlabanki.is 30. september 2008.

Um Bakkavör Group

Bakkavör Group er leiðandi alþjóðlegt matvælafyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu ferskra tilbúinna matvæla. Bakkavör Group rekur nú 66 verksmiðjur og er með yfir 20 þúsund starfsmenn í 10 löndum. Höfuðstöðvar félagsins eru í Reykjavík og er félagið skráð á OMX Nordic Exchange á Íslandi. (Auðkenni BAKK).

Bakkavör Group var stofnað árið 1986 og hefur starfsemi félagsins vaxið verulega á síðastliðnum 20 árum. Í dag er félagið leiðandi í framleiðslu á ferskum tilbúnum matvælum á alþjóðavísu. Félagið hefur leiðandi markaðstöðu í Bretlandi í lykilvöruflokkum sínum og framleiðir yfir 6.000 vörutegundir í 18 vöruflokkum. Vörur félagsins eru seldar undir vörumerkjum stórmarkaðanna. Meginhluti starfseminnar fer fram í Bretlandi en auk þess er félagið með starfsemi í Frakklandi, Belgíu, Spáni, Tékklandi, Suður-Afríku, Kína, Bandaríkjunum, á Ítalíu og á Íslandi.

Skráning á póstlista Bakkavör Group: ***investor.relations@bakkavor.com***